

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

## 186. FUNDUR.

185. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 14. september árið 2011 í fundarsal Ráðhússins kl. 10:00. Oddviti setti fund. Mætt undirrituð.

### 1. Lántaka frá Lánasjóði sveitarfélaga ohf.

Sveitarstjórn Húnaþings Vestra samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. að fjárhæð 29.000.000 kr. til 13 ára, í samræmi við samþykka skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Er lánið tekið til að fjármagna gangstéttir, uppbyggingu íþróttavallar, útivistarsvæði og fráveitu samtals að fjárhæð 17 m.kr. ásamt því að endurfjármagna hluta af afborgunum sveitarfélagsins hjá Lánasjóði sveitarfélaga á árinu 2011 að fjárhæð 12 m.kr, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Jafnframt er Skúla Þórðarsyni sveitarstjóra kt. 190164-4389, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Húnaþings vestra að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga ohf. sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Fundargerð upplesin og fundi slitið kl. 10:30

---

Leó Örn Þorleifsson.

---

Stefán Einar Böðvarsson.

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

---

Elín Jóna Rósinberg.

---

Ragnar Smári Helgason.

---

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

---

Þorbjörg I. Ásbjarnardóttir.

---

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari.

---

Anna María Elíasdóttir.